

HELGI GUÐMUNDSSON

HREYTISPELDI

Í ORMS þætti Stórolfssonar segir (Flateyjarbok I 1860:532):

sidan bad jall .lx. manna sækia at Ormi vti a vidum uelli ok suo var gert. Ormr hafde ekki uopna nema asinn ok ueifde honum vm sig sem *hreytispeildi* suo at æinge þorde nærre at koma þuiat þeir sa visann bana huerr sem firir yrde.

Sama mynd orðsins er í öðru handriti þáttarins (The Saga Manuscript 2845, 4to 1955:fol. 25v²⁰).

Þetta orð hefur verið skýrt á ýmsa vegu:

1. Sveinbjörn Egilsson þýddi þáttinn á latínu, og hann lætur Orm veifa ásnum *turbínis instar* (Scripta historica Islandorum III 1829:222). *Turbo* getur verið 'hvírfilvindur', 'snælda' eða 'skopparakringla, snar-kringla, topar'. Í fyrri útgáfu orðabókar Fritznars er orðið sagt merkja 'Top', (Fritzner 1867:288), en það er 'skopparakringla'. Sú þýðing hefur síðan komizt inn í flestar orðabækur. Annars kemur fyrir í fornu máli *skaptkringla* 'skopparakringla', og ættu þessi orð þá að vera sömu eða áþekkrar merkingar.

2. Í orðabók Eiríks Jónssonar (Erik Jónsson 1863:248) er *hreytispeildi* sagt vera hið sama og *þeytisþjald*. Þetta kemur einnig fram hjá Jóni Ólafssyni úr Grunnavík (AM 433 fol.), en hann notar myndina *hreytisþjald*. Nú er *þeytisþjald* 'leikfang, þunnt þjald með götum, sem band eða bönd eru þrædd í og látið snúast þannig að þytur heyrir'. En í kreddusafni eftir Ólaf Davíðsson stendur (AM 968 4to:192 r): "Ef maður veifar um sig *þeytisþjaldi*, þá fæilir maður frá sér góða anda." Sjá um þetta einnig Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivaka og þulur II 1888–1892:343. Í þessu dæmi virðist *þeytisþjald* hafa nokkuð aðra merkingu en venjulegast er.

3. Björn Bjarnason (1905:25) bendir á, að þýðingin 'skopparakringla' sé röng, og ber þetta saman við "eng. *bummers*: 'a thin piece

of wood swung round by a cord'.” Þessi skýring er svo löngu síðar tekin upp af Tillhagen (1956:350).

4. Faulkes (Two Icelandic Stories [1967]:108) hefur rætt þetta orð nokkuð og kemst helst að þeirri niðurstöðu, að *sem hreytispeidi* geti merkt “like a small piece of wood, as if it were a mere splinter.”

Það er lítil vafi á því, að skýring Björns Bjarnasonar stenz. Þetta er þunn, mjó fjöl, oft þetta 15–40 cm löng, sem mjókkar til beggja enda. Í annan endann er fest band, sem oftast er þrætt í gat. Þegar þessu er sveiflað heyrir hljóð, sem er breytilegt, stundum eins og hvinur en stundum allhátt. Hér fara dæmi um nöfn þessa áhalds á nokkrum tungumálum, og sum þeirra gefa hugmynd um hvernig í því heyrir: Enska *bull-roarer*, *whizzer*, *bummer*, *thunder stick*, *humming board*, *groaning stick*, danska *brummer*, *svingtræ*, norska *hurre*, *svingstikke*, sænska *vinare*, þýzka *Schwirrholtz*, franska *planchette ronflante*, skożka gelíska *srannchan*, *srannan*, baskneska *furrunfarrar*, forngríska *rhómbos*. Á Ástralíumálinu aranda heitir þetta *tjurunga* eða *churinga*, orð sem er oft notað í fræðiritum. Reyndar getur verið að sum ofangreindra orða séu búin til af þjóðfræðingum, þannig vísast bæði *svingtræ* og *svingstikke*.

Fyrri lið orðsins *hreytispeidi* má bera saman við so. *hreyta* ‘kasta, varpa, þeyta, slöngva’. Með hliðsjón af merkingu sumra erlendu heitanna sem dregin eru af hljóðinu mætti einnig bera hann saman við so. *hrjóta* — *hraut* — *hreyta*, sbr. *skjóta* — *skaut* — *skeyta*, en það er þó ósennilegt. Síðari liðurinn *peidi* er ‘lítill spýta, spjald’. Óljóst er um samband orðanna *hreytispeidi*, *hreytispejald* og *þeytispejald* og merkinga þeirra. En *hreyta* og *þeyta* eru svipaðrar merkingar, og t. d. gr. *rhómbos* merkir bæði ‘hreytispeidi’ og ‘þeytispejald’.

Þetta áhald er talið til hljóðfæra, þótt ærið fátæklegt sé, og hefur verið flokkað og nánar ákvarðað þannig (Notes and Queries on Anthropology 1960:320–322): “*Wind Instruments . . . (2) Valve Instruments . . . (d) Spinning-valve Series* (“Bull-roarers”). Thin, elongated wooden blades (rarely of other materials) to one end of which a string is fastened; the other end of the string is frequently attached to the end of a stick. The wooden blade is whirled round at the end of the string, so as to drive it against the air and cause it to spin very rapidly, and so to present its sharp edge and its flat surface to the air resistance in rapid alternation. An effect is produced analogous to that produced

by a valve alternately closing and opening, and the intermittent checks set up vibrations creating sound which varies in pitch with the rapidity of the spin of the blade. It is important to note any ceremonial or mystic ritual attaching to the use of this instrument, and any restrictions imposed upon its use." Sbr. nánar Schneider 1965:419–421, með rita-skrá.

Hreytispeldi eru þekkt í öllum heimsálfum. Þau eru einnig harla gömul, t. d. hefur eitt slíkt frá eldri steinöld (8000–5000) fundizt við uppgröft í Kongemosen á Sjálandi (Brøndsted 1957:100–101). Sums staðar eru þau barnaleikföng, og svo hefur vísast verið á Íslandi um það leyti sem Orms þáttur Stórolfssonar varð til. En mjög víða hafa þau verið notuð við trúarathafnir, t. d. í Evrópu meðal Forngríkkja. Leifar slíks má e. t. v. sjá í þeirri kreddu, að veifi maður um sig þeyti-spjaldi fæli maður frá sér góða anda.

RITASKRÁ

AM 433 fol.

AM 968 4to.

Björn Bjarnason, Nordboernes legemlige uddannelse i oldtiden. København 1905.

Brøndsted, Johannes, Danmarks oldtid I, Stenalderen. København 1957.

Erik Jónsson, Oldnordisk Ordbog. Kjöbenhavn 1863.

Flateyjarbok I. Christiania 1860.

Fritzner, Johan, Ordbog over det gamle norske Sprog. Kristiania 1867.

Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur II. Safnað hafa J. Árnason og Ó.

Davíðsson. Kaupmannahöfn 1888–92.

Notes and Queries on Anthropology. London 1960.

Schneider, M., "Schwirrholz," Die Musik in Geschichte und Gegenwart 12. Basel 1965.

Scripta historica Islandorum III. Hafniæ 1829.

The Saga Manuscript 2845, 4to. Manuscripta Islandica 2. Ed. by Jón Helgason. Copenhagen 1955.

Tillhagen, C.-H., "Barnlek," Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder I. Reykjavík 1956.

Two Icelandic Stories, Hreiðars þáttur, Orms þáttur. Ed. by Anthony Faulkes. London [1967].